

Fimmtudaginn 27. apríl 1989.

Nr. 148/1989. **Ákærvaldið**

gegn

X.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Benedikt Blöndal og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 21. apríl 1989, sem barst Hæstarétti 24. s.m. Hann krefst þess að gæsluvarðhaldsúrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 ber að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 21. apríl 1989.

Ár 1989, föstudaginn 21. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómarara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Að morgni hins 9. apríl sl. lagði Y, fædd ... 1957, fram kæru á hendur X, fæddum ... 1961, fyrir að hafa nauðgað sér þá um nóttina í íbúð á 1. hæð til hægri að ... hér í borg, en lögreglan var kvödd þangað kl. 5.46 um morguninn. Hefur vitnið skýrt svo frá, að kvöldið áður hafi það hitt X í íbúð að ... , þar sem þau voru bæði gestkomandi. Þaðan hafi verið farið á skemmtistað, þar sem vitnið hafi dansað við hann einn dans. Að loknum dansleik hafi vitnið haldið í íbúð í ... en þar hafi vitnið ætlað að gista. Hafi vitnið viljað losna við X, sem hafi orðið samferða því, en ekki tekist það. Hafi X síðan ráðist á vitnið, rífið utan af því nærbuxur og bol og haft samfarir við vitnið að því nauðugu, en vitnið kveðst hafa veitt mótspyrnu eftir megni.

Samkvæmt læknisvottorði um skoðun á Y kl. 6.16 um morguninn var hún með eymsli dreifð um allan hársvörð og a.m.k. tvo marbletti framan á hálsi. Þá var hún með sár á baki, sem virtist vera eftir neglur, og þar var einnig mar. Fjölmargir marblettir voru á vinstri handlegg fyrir ofan úlnlið. Doði og hiti var á vinstri upphandlegg og einnig var þar mar. Nokkrir marblettir voru á hægri framhandlegg. Sár var á framanverðu hægri læri og marblettir á því innanverðu og virtust þeir vera eftir fingur. Hrufl var við hægri ökkla og mar yfir hægri hælbeini. Mar var síðan á rist vinstri fótleggjar og annar marblettur yfir ökklaðið innanverðum og marblettur var einnig utanvert á vinstra læri.

Við skoðun á kynfærum hennar sama dag voru ytri barmar þeirra þrútnir og einnig voru smárispur á þeim. Að auki var sár hægri megin og fersk rifa var á húðinni milli minni og stærri barma. Önnur rifa var vinstra megin á sambærilegum stað. Húðin var klístrug. Tíðartappi var í leggöngum. Við smásjárskoðun sáust engar sæðisfrumur, hvorki frá húð né leggöngum.

Ákærði var skoðaður kl. 14.20 greindan dag. Á vinstri öxl hans voru tvö sár með roða og mari, og vottaði fyrir tannaförum í kanti. Á baki hans voru fjórar grunnar, nýlegar rispur. Rétt aftan við vinstri holhönd voru þrjár stuttar bogadregnar rispur, sem líktust mest naglaförum.

Við vettvangsrannsókn kom í ljós, að botn hjónarúms í ofangreindri íbúð var brotinn niður um miðju. Rauðir blettir voru í laki þess og rúmföt í mikilli óreiðu. Sloppur og bolur, sem var rifinn frá hálsmáli niður úr, fundust framan við rúmið og rifnar nærbuxur fundust á salerni.

Tveir sæðisblettir fundust í nærbuxum ákærða. Þá fundust þrír sæðisblettir í laki rúmsins og einnig tveir blóðlitaðir blettir.

Tvö vitni bera að hafa komið að Y og X nöktum í umræddu hjónarúmi laust eftir kl. 5.00 um morguninn og hafi Y þá verið grátandi. Þá hefur annað vitni skýrt svo frá, að það hafi hringt þrisvar í síma í íbúðinni á milli kl. 4.00 og 5.00. Kveðst vitnið hafa heyrt í Y og jafnframt karlmansrödd, auk þess sem það hafi heyrt mikil læti eins og eitthvað gengi á í tvö fyrri skiptin, en í þriðja skiptið hafi svo til samstundis verið skellt á.

X var úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna rannsóknar máls þessa hinn 9. þ.m. til kl. 16.00 í dag. Hann hefur neitað sök, en kannast við að hafa lent í einhverjum átökum við Y.

Í dag var gefin út ákæra á hendur X, þar sem honum er gefið að sök að hafa greint sinn með ofbeldi þröngvað Y til holdlegs samræðis, og brotið talið varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Jafnframt er þess krafist af hálfu ríkissaksóknara, að ákærða verði með vísan til 4. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 gert að sæta gæsluvarðaldi áfram þar til dómur gengur í máli hans, en þó eigi lengur en til föstudagsins 30. júní nk. kl. 16.00.

Ákærði hefur mótmælt kröfunni.

Hinn 4. nóvember 1986 var ákærði dæmdur í $2\frac{1}{2}$ árs fangelsi í Hæstarétti fyrir brot gegn 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga. Hinn 8. apríl sl. var ákærða veitt reynslulausn af eftirstöðvum refsingar vegna þess dóms, auk eftirstöðva refsinga vegna þriggja varðhaldsdóma, þar sem ákærði var dæmdur í samtals $4\frac{1}{2}$ mánaðar varðhald, aðallega vegna ölvunarakstursbrota. Var honum veitt reynslulausn á samtals 345 daga eftirstöðvum. Samkvæmt því var rétt liðinn sólarhringur, frá því að ákærði var laus til reynslu, þar til hann var kærður fyrir brot það, sem nú hefur verið ákært út af.

Svo sem rakið hefur verið er ákærði undir rökstuddum grun um mjög alvarlegan verknað. Hefur ákærði áður hlotið dóm vegna samkynja brots og hann er nú sakaður um. Ætla má, að brot ákæra, ef sannað telst, varði að minnsta kosti tveggja ára fangelsi. Þykir rétt með hliðsjón af framan-sögðu og vísan til 4. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 að taka kröfu ákæruvaldsins til greina og gera ákærða að sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi til dómsuppsögu í máli þessu, en þó eigi lengur en til föstudagsins 30. júní nk. kl. 16.00, enda eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar því eigi til fyrirstöðu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ákærði, X, sæti gæsluvarðhaldi áfram til uppkvaðningar dóms í máli þessu, en þó eigi lengur en til föstudagsins 30. júní 1989 kl. 16.00.
